

Skólanámskrá

2023 – 2024



II. hluti

Nám og kennsla

3. bekkur

Umsjónarkennarar
Hildur Ósk Indriðadóttir
Rósa Íris Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Samþætting námsgreina	3
Byrjendalæsi	3
Útinám	4
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	4
Námsmat	4
Íslenska	5
Stærðfræði	6
Samfélagsgreinar	7
Náttúrufræði	8
Tónmennt	8
Heimilisfræði	9
Hönnun og smíði	9
Myndlist.....	10
Textílmennt	11
Skólaíþróttir.....	11
Upplýsinga- og tæknimennt	12
Fjölval	12

Bakgrunnsupplýsingar

Í 3. bekk eru 31 nemendur, 10 drengir og 21 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Hildur Ósk Indriðadóttir og Rósa Íris Ólafsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Brynja Eiríksdóttir. Guðrún Teitsdóttir sér um sérkennslu.

Aðrir kennarar:

- Íþróttir – Jón Ásgeir Þorvaldsson
- Sund – Jón Ásgeir Þorvaldsson
- Heimilisfræði - Halldóra Ólöf Sigurðardóttir
- Textílmennt - Silja Konráðsdóttir
- Smíði - Sigurbergur Bjarnason
- Myndlist - Helga Lára Haraldsdóttir
- Tónmennt – Aldís Kjærnested Eiríksdóttir
- Bókasafn - Kolbrún Alexandersdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	8 tímar
Stærðfræði	6 tímar
Samfélags- og náttúrugreinar	4 tímar
Fjölval	2 tímar
Útikennsla	2 tímar
Smíðjur	4 tímar
Sund	1 tími
Íþróttir	2 tímar
Tónmennt	1 tími
Upplýsingatækni	1 tími
Samtals: 30 tímar á viku	

Samþætting námsgreina

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla á nám að vera sem heildstæðast. Til þess að því verði við komið er farsælt að nýta samþættingu námsgreina. Stuðst er við kennsluaðferðir Byrjendalæsis sem miða að því að samþætta sem flestar námsgreinar. Bók eða viðfangsefni sem ætlað er einni námsgrein getur verið notuð þvert á allar greinar og aðlöguð að hverju hæfniviðmiði fyrir sig.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnáms. Byggt er á kenningum lestrarfræða um áhrifarík og vönduð vinnubrögð. Kennslan felur í sér að samþætta nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Því er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld saman í eina heild í byrjendalæsi. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift tengdir inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið, því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Notaður er merkingarbær texti og verður móðurmálsnám heildstætt að því leyti að öll vinna tengd lestri og ritun fellur undir vinnubrögð Byrjendalæsis.

Útinám

Við leggjum áherslu á að tengja nemendur við sitt nánasta umhverfi og nýtum umhverfi skólans og útikennslusvæðið Narfakotsseylu í nám og kennslu. Útinám er samþætt nám sem getur tengst öllum námsgreinum.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 3. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, líkamsímynd/líkamsvitund, kynferði og kynferðisleg hegðun, æxlun og kynþroski og ofbeldi.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Ekki er gefin einkunn fyrir verkefni heldu aðeins Lokið og Ólokið. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
- **Í vinnslu** ef nemandi hefur hafið ákveðið hæfniviðmið en ekki er hægt að meta það strax.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
- **Þarfnast þjálfunar** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.



Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 3. bekk

- Lesið úr tákmyndum og myndrænu efni svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

- Raðað í stafrofsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Átt við góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Dregið rétt til stafs. Skrifað skýrt og læsilega.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Samið texta frá eigin brjósti svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og meðal annars bent á þau í eigin texta.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Afla sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Beitt töluðu máli og rituðu að nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Leikið sér með ýmiss einkenni tungumálsins svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í íslensku í fjóra þætti: talað mál; hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir og ritun og málfræði. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

Unnið er eftir kennsluaðferðum Byrjendalæsis. Bækur með gæðatexta eru notaðar sem grundvöllur fyrir kennslu. Auk þess er notast við ljóðabækur, sögubækur og fræðitexta sem er gjarnan samþætt við aðrar greinar. Einnig er unnið með Litla Lesrún, Ritrún 1, 2 og 3, ásamt námsspilum og efni frá kennara. Í skriftarkennslu er stuðst við bókina Skrift 2 og hefðbundin skriftarkennsla hjá kennara.

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á reglulegum verkefnum og könnunum. Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfímipróf, í september, janúar og maí. Lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir í október og febrúar auk þess sem Aston Index stafsetningarkönnun er lögð fyrir í desember.

Notast er við leiðsagnarmat auk þess sem virkni er metin, skapandi vinnubrögð, frumkvæði og frágangur verkefna.

Eftirfarandi eru viðmið í raddlestri en miðað er við árangur í lestri við lok 3. bekkjar.

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
3. bekkur	55 orð á mínútu	100 orð á mínútu	120 orð á mínútu

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 3. bekk

Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.	Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknaði stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.	Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.	Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.
Leyst stærðfræðilífrætti sem gefa tækifæri til að beita innsæi notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.	Sett fram meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön talnalínur teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Notað hentug verkfæri þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagnar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.
Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.	Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þríviðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.	Rókrætt að innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengdist eigin reynsluheimi rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslum.	Leyst viðfangsefni sem spottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreiðing, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
Unnið með mælikvarða og lögun.	Tekið í þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.	Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.	Notað tugakerfisrithátt.
Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.		Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.	

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í 7 flokkum. Þrír flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; algebra; rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

Notast er við Sprotu 2 b, 3a og 3b, nemendabók og æfingarhefti. Einnig er unnið með stærðfræðiforrit í tölvum og spjaldtölvum. Nemendur nota ýmiss hjálpargögn eins og brotabúta, námsspil, talnagrindur og sentikubba. Kennarar nota einnig annað fjölbreytt efni til að efla hæfni.

Námsmat

Kannanir sem fylgja Sprotu eru lagðar fyrir eftir lok hvers kafla þar sem könnuð er kunnátta og leikni í þeim þáttum sem unnið hefur verið með. Virkni og sjálfsstæð vinnubrögð eru metin. Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum þar sem eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar: kunnátta, færni, skilningur, frumkvæði, vinnubrögð og frumleiki. Lögð verða fyrir hefðbundin próf og minni kannanir úr einstökum þáttum. Talnalykill er lagður fyrir á haustönn.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 3. bekk

Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.	Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.	Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.	Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.	Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.	Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.	Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.	Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.
Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.	Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.	Komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.
Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.	Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.	Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.	Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu.
Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.	Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.	Bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim.	Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.

Hæfniviðmið

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokka: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmýnd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagshheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Kennslufni og gög

Notaðar eru bækurnar Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti, valin viðfangsefni úr Halló heimur 1 og 2, Trúarbrögðin okkar og annað fjölbreytt efni frá kennara.


Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga. Jafnframt verður stuðst við sjálfsmat.


Náttúrufræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 3. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Samkvæmt Aðalnámskrá skiptast hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar í fimm viðmið: geta til aðgerða; nýsköpun og hagnýting þekking; gildi og hlutverk vísinda og tækni; vinnubrögð og færni í náttúrugreinum og efling ábyrgðar á umhverfinu. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Kennsluefni og gögn

Notaðar eru bækurnar Halló heimur 1 og 2, Fuglavefurinn, vefur námsgagnastofnunar og annað fjölbreytt efni frá kennara.


Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáning, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhugi. Jafnframt verður stuðst við sjálfsmat.


Tónmennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 3. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Tónmennt er mikilvægur þáttur í lífi nemenda. Hún er leið til sköpunar, tjáskipta og oft án orða. Tónlistarkennsla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar s.s. tónhæð, tónlengd, blæ og styrk svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá að kynnast mismunandi hljóðfærum og fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lífandi nálgun. Þau fá tækifæri til þess að láta ljós sitt skína, tjá tilfinningar og hafa gaman.

Kennslufni og gögn


Ýmsar bækur og gögn frá kennara

Námsmat

Símat á virkni, framförum, samvinnu og skilningi nemenda á viðfangsefni kennslustunda.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið



Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með verkefnum sem hafa tengsl við ofangreindum hæfniviðmið en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í grunnþáttum heimilisfræðinnar s.s hreinlæti og umgengni, mælieiningum og þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum við bakstur og matreiðslu. Nemendur fara inn í kennslueldhús og baka og elda eftir ýmsum uppskriftum. Þá læra nemendur inná ýmiss næringarefni sem tilheyra fæðuhringnum og vinna sérstaklega með fæðuflokkinn, mjólk og mjólkurvörur.

Kennslufni og gögn

Heimilisfræði 3 ásamt efni af vef og bækur frá kennara. Ýmis áhöld og hráefni úr kennslueldhúsi.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Námsmat er á formi símats á einstaklings- og hópverkefna í tímum.


Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 3. bekk

Bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast hans daglega lífi.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Kennslufni og gögn

Gögn og áhöld frá kennara.

Námsmat


Mat á hæfniviðmiðum út frá verkefnum og vinnu í tíma.

Myndlist

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 3. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Í myndmennt læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Kennslufni og gögn

Ýmis áhöld og efni myndmenntarstofunnar. Ljósrit af verkefnum sem henta í myndmenntarkennslu. Skjávarpí, bækur og ljósrit.


Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Textílmennt þjálfar nemendur í fínhyfingum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Kennsluefni og gögn

Bækur og gögn frá kennara.


Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur sýna öðrum virðingu og góða framkomu í tímum.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Í aðalnámskrá frá árinu 2013 eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennslufni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með leikfimis- og sundfatnað og handklæði til að fara í sturtu að tíma loknum.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 3. bekk

Lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalesi.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.	Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.	Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.	Gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tækibúnaði.
Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu.	Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.	Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.	Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.
Notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu.	Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.	Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.	Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.

Í aðalnámskrá frá árinu 2013 kemur fram að upplýsinga- og tæknimennt sé þverfaglegt námssvið þar sem nemendur læra að umgangast þann tækibúnað sem skólinn býr að og hvernig nota skal tæknina. Nemendur læra að vera stafrænir samfélagsþegnar og læra þannig um þær jákvæðu hliðar hins stafræna heims sem og hætturarnar sem þar geta leynst. Á yngra stigi er upplýsinga- og tæknimennt kennd og metin samhliða öðrum námsgreinum. Hæfniviðmið greinarinnar eru tengd við verkefni þar sem unnið er með upplýsingaöflun og úrvinnslu.

Fjölval

Kennslulýsing: Nemendum á yngsta stigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Kennslufni og gögn

Hver kennari útvegar efni og kennslugögn fyrir sína stöð. Stöðvar eru m.a. leir, einingakubbar, tölvur, kahoot, enska, félagsfærni, ýmsir leikir og föndur.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 4. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og tjáð sig í samskiptum við aðra.
- sýnt frumkvæði og verið skapandi í vinnu og lausn verkefna.
- verið sjálfstæður og virkur í hópastarfi.
- geti aflað sér og miðlað upplýsingum á fjölbreyttan hátt.
- fylgt fyrirmælum og læri að nýta tíma sinn vel til vinnu.